



Grafskrift Valgerðar Tómasdóttur, 11. mars 1936

Bjarni Benediktsson – Grafskrift Valgerðar Tómasdóttur, 11. mars 1936

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Fjölskyldan

Askja 3-2, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Frú

Valgerður Tómasdóttir

Fædd 31. janúar 1913

Dáin 11. marz 1936

DROTTINN vakir, drottinn vakir
Daga og nætur yfir þér.
Blíðlynd eins og bezta móðir
Ber hann þig í faðmi sér.
Allir þótt þér aðrir bregðist,
Aldrei hann á burtu fer.
Drottinn elskar, — drottinn vakir
Daga og nætur yfir þér.

Löng þá sjúkdómsleiðin verður,
Lífið hvergi vægir þér,
Þrautir magnast, þrjóta kraftar,
Þungt og sárt hvert sporið er;
Honum treystu, hjálpin kemur,
Hann af raunum sigur ber.
Drottinn lækna, — drottinn vakir
Daga og nætur yfir þér.

Þegar freisting mögnuð mætir,
Mælir flátt í eyra þér,
Hrösun svo þig hendir, bróðir,
Háðung að þér sækja fer,
Vinir flýja. — Æðrast ekki,
Einn er sá, er tildrög sér.
Drottinn skilur, — drottinn vakir
Daga og nætur yfir þér.

Þegar æfiröðull rennur,
Rökkvar fyrir sjónum þér,
Hræðstu eigi, Hel er fortjald,
Hinumegin birtan er.
Höndin, sem þig hingað leiddi,
Himins til þig aftur ber.
Drottinn elskar, — drottinn vakir
Daga og nætur yfir þér.

HVE SÆL, ó hve sæl er hver leikandi lund;
En lofaðu engan dag fyrir sólarlagsstund.

Um sólskin kvað fuglinn og sá hvergi skúr,
Þá sólin rann í haf, var hann kominn í búr.

Um sumardag blómið í sakleysi hló,
En sólin hvarf og élið til foldar það sló.

Og dátt lék sér barnið um dagmálamund,
En dáíð var og stirnað um miðaftanstund.

Svo örstutt er bil milli blíðu og hels,
Svo brugðist getur lánið frá morgni til kvelds.

En bótin er, barn gott, ef bregzt lukkan þín,
Þér bregzt ei guð á himnum, sem verndar börnin sín.

Guð faðir er lukkan og sálar vorrar sól,
Er sezt ei í marinn, þótt fjúki' í önnur skjól.

Innilegar þakkir fyrir
auðsýnda samúð

STEINDÓRSPRENT H.F.